

Lífriki strandsvæða og ferskvatnsflæði af landi

Jón Ólafsson (1,2) og Sólveig R. Ólafsdóttir (2), Efnafræðiskor (1) og Hafrannsóknastofnun (2), Skúlagötu 4, 121 Reykjavík. jon @hafro.is

Rannsóknir á strandsvæðum hafa leitt í ljós að árstíðabundin vöxtur svifþörungna í ferskvatnsblönduðum strandsjó er með öðrum hætti en gerist í fullsöltum úthafssjó. Þetta má skýra á grundvelli áhrifa sem blöndun ferskvatns í sjó hefur á eðliseiginleika sjávar og næringarefnabúskap. Fjallað verður um þessi ferli og árstíðabundið en síbreytilegt samspil margra umhverfisþátta á strandsvæðum. Greint verður frá dæmum úr rannsóknum hér við land.